

<p>The Second Book of Little Dragon Mu Mu visits the Netherlands</p>	<p>Önnur bókin um litla drekann Mú Mú fer til Hollands</p>
<p>written by Ann Katherine Isaacs and Robert Wagenaar with illustrations by Ursula Joell Mathers</p>	<p>Höfundar: Ann Katherine Isaacs og Robert Wagenaar Myndskreytt af Ursulu Joell Mathers</p>
<p>p. 6 After his first visit to Europe, Little Dragon Mu moved to the Netherlands. His mother and father, Ro and Bing, were going to work at the Dragonian Embassy in the Hague, and Mu would start primary school in the fall.</p>	<p>6 Eftir fyrstu ferð sína til Evrópu flutti Mú til Hollands. Mamma hans og pabbi, Ró og Bing, fengu vinnu við sendiráð Drekalands í Haag og Mú átti að byrja í grunnskóla um haustið.</p>
<p>p.8 The dragon family had heard that the Netherlands was a tolerant country where they would feel welcome. Bing wanted to see the windmills and understand how the Dutch make dikes, whereas Ro looked forward to seeing fields of tulips like the ones in Dragonia.</p>	<p>8 Drekafjölskyldan hafði heyrt að Hollendingar væru umburðarlynd þjóð og þeim yrði tekið vel í Hollandi. Bing langaði að sjá vindmillur og skilja hvernig Hollendingar byggðu varnargarða, en Ró hlakkaði til að sjá túlipanaakra eins og þá sem voru í Drekalandi.</p>
<p>p.9 Mu bought a little bag of bulbs at the airport shop in Schiphol.</p>	<p>9 Mú keypti lítinn poka með blómlaukum í fríhöfninni á Schipholflugvelli.</p>
<p>p.10 Travelling by train from Amsterdam to the Hague Mu looked out the window and was amazed to see a very large ship sailing above the railroad. How could that be?</p>	<p>10 Þegar hann leit út um gluggann í lestinni frá Amsterdam til Haag sá Mú sér til mikillar undrunar risastórt skip sigla fyrir ofan járnbrautina. Hvernig var það hægt?</p>
<p>p.11 Bing explained that much of the Netherlands is lower than the level of the sea. Over the centuries the Dutch people have made their country larger by building dikes and pumping the sea water out.</p>	<p>11 Bing útskýrði að stór hluti Hollands væri undir sjávarmáli. Öldum saman höfðu Hollendingar stækkað landið sitt með því að byggja varnargarða og dæla sjónum út fyrir þá.</p>
<p>p.12</p>	<p>12</p>

<p>Mu's new home was above an Indonesian restaurant. There were several other restaurants and many shops along the street. It was called <i>Lange Poten</i>, which meant 'Long Legs Street'. Mu thought that was funny and laughed at the idea of a street having legs.</p>	<p>Nýja heimilið hans Mú var fyrir ofan indónesískt veitingahús. Það voru mörg önnur veitingahús og búðir við götuna. Hún var kölluð <i>Lange Poten</i>, sem þýðir „Löngu-fóta-gata“. Mú fannst þetta fyndið nafn og hló þegar hún hugsaði um götu með langar lappir.</p>
<p>p.13 The Dragons' house had a garden in the back where Mu could play outside on sunny days. But the weather was getting cold, so Mu decided to plant the tulip bulbs in a pot on the windowsill. Little Dragon Mu liked going to school. His schoolmates enjoyed hearing about Dragonia and he learned all about life in the Netherlands.</p>	<p>13 Það var bakgarður við hús Dreka fjölskyldunnar og þar gat Mú leikið sér í góðu veðri. En það var farið að kólna í veðri svo Mú ákvað að setja blómlaukana í pott í gluggakistunni. Litla drekanum Mú þótti gaman að ganga í skóla. Bekkjarfélögum hans skemmtu sér við sögur af Dreka landi og hann lærði heilmikið um lífið í Hollandi.</p>
<p>p.14 In History class, Mu discovered that a long time ago the Netherlands was called the United Provinces. People driven out of other countries because of their religion were allowed to live in Amsterdam. The Dutch conquered lands all over the world, in Surinam, in the Caribbean Sea, in Malesia and Indonesia. In North America they founded New Amsterdam - which later became New York City. They had great sailing boats to carry merchandise and huge war ships too.</p>	<p>14 Í sögutímum uppgötvaði Mú að fyrir löngu síðan var Holland kallað Sameinuðu héruðin. Fólk sem hafði hrakist heiman frá sér vegna trúar sinnar fékk leyfi til að búa í Amsterdam. Hollendingar lögðu undir sig lönd út um allan heim, í Súrinam, í Karabíska hafinu, í Malasíu og Indónesíu. Í Norður-Ameríku stofnuðu þeir Nýju Amsterdam - sem síðar var kölluð New York borg. Þeir áttu frábæra báta til að flytja með vörur og risastór herskip líka.</p>
<p>p.16 Mu asked where all those lands were now, and why the Dutch needed to build dikes and pump out the sea water if they were so rich and powerful. "Those faraway countries regained their independence long ago", said the teacher, "but many of their people still live in the Netherlands." Mu could see that his</p>	<p>16 Mú spurði hvar öll þessi lönd væru núna og hvers vegna Hollendingar þyrftu að byggja varnargarða og dæla út sjónum ef þeir voru svona ríkir og voldugir. „Þessi lönd langt í burtu urðu sjálfstæð aftur fyrir löngu síðan“, sagði kennarinn, „en margir íbúa þeirra búa enn í Hollandi.“ Mú hafði tekið eftir að</p>

<p>classmates came from different parts of the world. They were of various sizes, shapes and colours. Mu felt right at home.</p>	<p>margir bekkjarfélaga hans komu frá öðrum heimshlutum. Þeir voru mismunandi stórir og ólíkir á litinn. Mú leið eins og hann væri heima hjá sér.</p>
<p>p.19 The teacher said that today the Netherlands are devoted to the principles of peace and justice. The Hague is the seat of important international organisations. The class visited the International Court of Justice, called <i>Palace van de vrede</i> or the 'Peace Palace'. People accused of horrible crimes are tried there. To make it fair judges come from all over the world. Mu was impressed.</p>	<p>19 Kennarinn sagði að nú hefði Hollendingar frið og réttlæti að leiðarljósi. Í Haag eru höfuðstöðvar mikilvægra alþjóðasamtaka. Bekkurinn heimsótti Alþjóðadómstólinn í <i>Palace van de vrede</i> sem þýðir „Friðarhöllin“. Fólk sem ásakað hefur verið um hræðilega glæpi er dæmt þar. Til að réttarhöldin verði réttlát sitja dómara alls staðar að úr heiminum í dómnum. Mú þótti þetta mjög merkilegt.</p>
<p>p.20 One day Mu came home from school and found that there was great news. Bing and Ro told him that soon he would have a little sister or brother. Dragon mothers lay big spotted eggs, and Ro showed him hers.</p>	<p>20 Dag nokkurn þegar Mú kom heim úr skólanum heyrði hann stórkostlegar fréttir. Bing og Ró sögðu honum að bráðum myndi hann eignast litla systur eða bróður. Drekaæður verpa stórum dröfnóttum eggjum, og Ró sýndi honum eggin sín.</p>
<p>p.21 They would have to keep it nice and warm until it hatched. Mu could hardly wait to go to school the next day to tell all his friends. But there was a big problem. How could Ro keep the egg warm while she was working? She could hardly sit on the egg in her office. Ro decided to ask the Hospital if they could put the egg in one of the incubators used to keep infants warm.</p>	<p>21 Nauðsynlegt var að geyma eggin í hlýju þangað til að þau klöktust út. Mú gat varla beðið eftir því að fara í skólann næsta dag og segja öllum vinum sínum fréttirnar. En þeim var stór vandi á höndum. Hvernig átti Ró að halda egginu heitu á meðan hún var í vinnu? Hún gat varla setið á egginu á skrifstofunni. Ró ákvað að spyrja lækna á spítalanum hvort þeir gætu sett eggid í einn af hitakössunum sem þeir notuðu til að halda hita á nýfæddum börnum.</p>
<p>p.23 The hospital staff scarcely listened to her request. The Director told her that dragon eggs were not allowed in the</p>	<p>23 Læknarnir hlustuðu varla á bón Ró. Forstjóri spítalans sagði henni að það væri ekki leyft að hafa drekaegg á spítalanum,</p>

<p>hospital, especially in incubators which must be kept sterile. "Dutch hospitals are not prepared for dealing with dragon problems," he told them, "wouldn't it be better if you went back to your own country?"</p> <p>Ro took Mu's little clawed hand into her big clawed hand and they started home, worried and disappointed.</p>	<p>sérstaklega ekki í hitakössum sem nauðsynlegt var að halda sótthreinsuðum. „Hollenskir spítalar geta ekki átt við drekavandamál," sagði hann þeim, „væri ekki betra að þið færuð heim til ykkar aftur?"</p> <p>Ró tók í litla hönd Mú og leiddi hana af stað heim á leið. Hún var áhyggjufull og vonsvikin.</p>
<p>p.24</p> <p>The neighbours on Long Legs Street saw that there was something wrong. Ro explained that she was expecting a little dragon, but that no one at the hospital could help her. The neighbours wanted to help but didn't know what to do either. Ro would have to leave her job. She would sit on the egg. But even so, would it be warm enough in the winter climate?</p>	<p>24</p> <p>Nágrannarnir á Löngu-fóta-götu sáu strax að eitthvað var að. Ró útskýrði að hún ætti von á litlu drekabarni, en enginn á spítalanum gæti hjálpað henni. Nágrannana langaði til að hjálpa en þeir vissu ekki hvað þeir gætu gert. Ró yrði að hætta að vinna. Þá gæti hún setið á egginu. En jafnvel þótt hún gerði það myndi eggjð verða nógu heitt í köldu vetrarveðrinu?</p>
<p>p.25</p> <p>Mu told his friends about the egg and about his fear that it wouldn't be able to hatch. Tessa, Friso, Femke and Hugo were shocked that no one knew how to help.</p>	<p>25</p> <p>Mú sagði vinum sínum frá egginu og að hann væri hræddur um að myndi ekki klekjast út. Tessa, Friso, Femke og Húgó voru yfirsig hneyksluð yfir því að enginn vissi hvað átti að gera til að hjálpa.</p>
<p>p.27</p> <p>The next day, everyone brought an electric blanket from home. After school the whole class went to Mu's house on Long Legs Street. They built a special nest for Ro's egg in the living room and their teacher helped them to test the thermostats.</p>	<p>27</p> <p>Næsta dag komu allir með rafmagnsteppi að heiman. Eftir skólann fór allur bekkurinn heim til Mú við Löngu-fóta-götu. Þau byggðu hreiður fyrir egg Ró í stofunni og kennarinn hjálpaði þeim við að prófa hitastillana.</p>
<p>p.28</p> <p>Every afternoon the children hurried home with Mu to see how the egg was doing. Outside it was freezing cold and when Saint Nicolas day came, Mu received a pair of ice skates so</p>	<p>28</p> <p>Hvern eftirmiðdag flýttu börnin sér heim með Mú til að fylgjast með hvernig egginu leið. Úti var nístingskalt og á degi heilags Nikulásar fékk Mú skauta svo hann gæti skautað á</p>

that he could skate on the frozen canals. There were no boats going up and down them now.	ísilögðum skipaskurðunum. Engir bátar sigldu á þeim núna.
p.30 Slowly the weather got warmer and then, one day Tessa, Friso, Femke, Hugo and Mu saw a tiny crack in the eggshell. Everyone crowded around to watch. The crack grew larger and larger. The egg was hatching! What a surprise! The next moment Mu realised that he had a little brother...	30 Smám saman hlýnaði í veðri og dag nokkurn sáu Tessa, Friso, Femke, Húgó og Mú örlitla rifu í eggjaskurninu. Allir hópuðust í kringum eggid til að fylgjast með. Rifan stækkaði stöðugt. Eggid var að klekjast út! Mikið var þetta furðulegt! Augnabliki síðar sá Mú að hann átti lítinn bróður ...
p.31 ... and a little sister too!	31 ... og líka litla systur!
p.32 There was a big celebration in Long Legs Street for Ling and Ko. The neighbours all came, and some of them were even doctors and nurses from the hospital. The happiest of all - besides Bing and Ro - were Mu and his friends. They had had a very good idea and proved that the Netherlands is a place of solidarity and tolerance - for dragons too.	32 Það var heilmikil veisla í Löngu-fóta-götu fyrir Ling og Kó. Allir nágrannarnir komu og sumir þeirra voru meira að segja læknar og hjúkrunarfræðingar á spítalanum. Hamingjusömust af öllum - auk Bings og Ró - voru Mú og vinir hans. Þeir höfðu fengið frábæra hugmynd og sannað að Holland var land samheldni og umburðarlyndis - fyrir dreka líka.
p.33 Mu's tulips were blooming now, and he showed them to Ling and Ko.	33 Túlipanarnir hans Mú voru í blóma núna og hann sýndi Ling og Kó þá.
p.34 How long do you think the dragon family stayed in the Hague? Where did they go next?	34 Hvað heldur þú að drekafjölskyldan hafi búið lengi í Haag? Hvert fóru þau næst?
p.35 To your country? Or did they stay for a while on Long Legs Street?	35 Til landsins þíns? Eða bjuggu þau áfram í Löngu-fóta-götu?